



Reykjavík, 16. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024

Hinn 12. september 2023 var frumvarpi til fjárlaga útbýtt á Alþingi og mælti fjármála- og efnahagsráðherra með frumvarpinu. Frumvarpinu var vísað til fjárlaganefndar 15. september og í kjölfarið barst Samtökum ferðapjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024 frá Fjárlaganefnd Alþingis. Á vettvangi SAF hefur frumvarpið verið yfirfarið og með umsögn þessari vilja samtökin koma á framfæri helstu athugasemdum og ábendingum.

Samantekt:

- Skattspor íslenskrar ferðapjónustu var um 140 milljarðar króna árið 2022.
- Lagst er gegn boðuðum áformum um auknar álögur á ferðapjónustu og telja að stíga verði varfærin og vel ígrunduð skref þegar kemur að ákvörðunum um breytt gjalda- og skattaumhverfi ferðapjónustu.
- Skattar og gjöld hafa áhrif á hegðun fólks og fyrirtækja og því er ekki öruggt að skattahækkanir auki tekjur ríkissjóðs.
- Mikilvægt er að innlendra ferðapjónustu sé gefið andrými til sjálfbærs vaxtar.
- SAF leggja til afnám gistináttaskatts og telja að það yrði skref í rétta átt að bættu rekstrarumhverfi ferðapjónustufyrirtækja, þar sem að:
 - Gistináttaskattur brengrar samkeppnisstöðu gististaða á innlendum mörkuðum.
 - Gistináttaskattur skerðir samkeppnishæfni áfangastaðarins á alþjóðamörkuðum.
 - Gistináttaskattur myndar skattstofn til virðisaukaskatts.
 - Gistináttaskattur nær hvorki til sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt, líkt og heimagistingar, né skemmtiferðaskipa.
 - Gistináttaskattur er ekki innheimtur á öðrum Norðurlöndum en Íslandi.
 - Gistináttaskattur nær ekki tilsettum markmiðum lögum samkvæmt.
- Þá er betur heima setið en af stað farið með áformaðar breytingar á gistináttaskatti þar sem þær eru til þess fallnar að auka enn frekar á óhagræði skattsins.
- SAF ítreka að 12-18 mánaða fyrirvari á hækkun skatta og gjalda er nauðsynlegur vegna eðlis greinarinnar.
- SAF telja að fara verði í heildstæða endurskoðun á áfengisgjaldi hér á landi og að þar til slíki endurskoðun sé lokið skuli engar breytingar gerðar á gjaldinu til hækkunar.

Samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands og íslenskrar ferðapjónustu

SAF leggjast gegn boðuðum áformum um auknar álögur á ferðapjónustu. Ísland er og verður alltaf í harðri alþjóðlegri samkeppni um erlenda ferðamenn. Auknar álögur og hækkun þeirra sem fyrir eru á atvinnugreinina skerða samkeppnishæfni áfangastaðarins og íslenskrar ferðapjónustu. Samkvæmt viðhorfskönnun meðal félagsmanna SAF þá telja yfir 72% félagsmanna samtakanna að skattar og gjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, séu nú þegar íþyngjandi fyrir fjárhagsstöðu síns fyrirtækis og skerði samkeppnishæfni þeirra á alþjóðamörkuðum.

Fari svo að alþjóðleg samkeppnisstaða íslenskra ferðapjónustufyrirtækja skerðist með áformum stjórnvalda geta þau leitt til minni verðmætasköpunar, hægt á fjölgun starfa og minnkað skattstofn hins opinbera. Því

verður ávallt að huga að áhrifum áformaðra skatta og gjaldahækkana á atvinnugreinina, samkeppnishæfni og verðmætasköpun.

SAF hafa í því ljósi ítrekað bent á þá staðreynd að regluverk og rekstrarumhverfi ferðaþjónustu er meira íþyngjandi hér á landi en víðast annars staðar. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) framkvæmdi samkeppnismat fyrir íslenska ferðaþjónustu árið 2020 og komst að sömu niðurstöðu.¹ Rekstrarskilyrði fyrirtækja í atvinnugreininni eru um margt erfiðari en þau þyrftu að vera og regluverk sem snýr að þjónustutengdri starfsemi er strangara en þekkist innan þjóðríkja OECD. Jarðvegur samkeppnishæfni áfangastaðarins er því grýttur fyrir og mikilvægt að ákvarðanir hins opinbera miði fremur að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnugreinarinnar.

Ferðaþjónusta til 2030

Í maí á þessu ári skipaði ferðamálaráðherra sjö starfshópa sem falið er að vinna tillögur að aðgerðum í aðgerðaráætlun fyrir ferðaþjónustustefnu til 2030. Gert er ráð fyrir að stefnan og aðgerðaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi í formi tillögu til þingsályktunar á vorþingi 2024. Að mati SAF er það óheppilegt að aukin skattheimta á ferðaþjónustu sé lögð til í frumvarpi um fjárlög fyrir árið 2024 á sama tíma og vinna við útfærslu tillagna að aðgerðum í aðgerðaáætlun fyrir ferðamálastefnu til 2030 stendur yfir.

SAF telja að stíga verði varfærin skref þegar kemur að ákvörðun um breytt gjalda- og skattaumhverfi ferðaþjónustu. Greina verður kosti og galla þeirra tillagna sem fram koma og leggja ígrundað mat á hvaða leiðir til gjaldtöku séu vænlegar til lengri tíma lítið. Það er hagsmunamál hins opinbera sem og þjóðarbúsins alls að gætt sé að samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands og innlendri ferðaþjónustu sé gefið andrými til sjálfbærs vaxtar. SAF hvetja fjárlaganefnd og þingmenn til að kynna sér vel fyrrgreinda vinnu við aðgerðaáætlun um ferðaþjónustu til 2030, þar sem meðal annars verða lagðar fram tillögur að heilbrigðara rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og fyrirkomulagi gjaldtöku til framtíðar.²

Skatttekjur hins opinbera af ferðaþjónustu eru verulegar

Hraður viðsnúningur íslensk efnahagslífs frá þeim hremmingum sem fylgdu heimsfaraldi ættu ekki að hafa falist fyrir neinum. Ummerkin sjást víða og hefur efnahagsframvindan sem og aukinn vaxtarþróttur hagkerfisins gjörbreytt horfum í ríkisfjármálum, langt umfram væntingar. Þar hefur ferðaþjónusta spilað lykilhlutverk.

Þjóðhagslegt mikilvægi verðmætasköpunar ferðaþjónustu hér á landi er óumdeilt, líkt og sjá má á ferðaþjónustureikningum Hagstofu Íslands þar sem hlutur ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu var 7,8% árið 2022. Þá er ferðaþjónusta ein stærsta útflutningsstoð landsins og var hlutur atvinnugreinarinnar af verðmætum heildarútflutnings vöru- og þjónustu um 29% á fyrri árhelmingi 2023.³ Á undanförunum árum hefur orðræða landsmanna og stjórnmalanna hins vegar oftár en ekki verið á þann veg að ferðaþjónusta skili litlu eða að minnsta kosti ekki nægjanlega miklu til hins opinbera. Í raun hefur ferðaþjónusta verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattspori sínu eða með öðrum orðum fyrir því hversu miklu atvinnugreinin skilar raunverulega til ríkis og sveitarfélaga. Skattspor tekur til allra skatta og gjalda sem

¹ Sjá <https://search.oecd.org/daf/competition/samkeppnismat-oecd-island.htm>

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdamalastefna/>

³ Skv. Hagstofu Íslands

einstaklingur, fyrirtæki eða atvinnugrein greiðir á ákveðnu tímabili til hins opinbera. Það eru til dæmis skattar og gjöld líkt og tekjuskattur, útsvar, fasteignaskattur og virðisaukaskattur.

SAF fengu ráðgjafarfyrirtækin Reykjavík Economics og Intellecon til liðs við sig að reikna út skattspor ferðapjónustu og liggja bráðabirgðaniðurstöður fyrir. Þar kemur í ljós að skattspor íslenskrar ferðapjónustu

Skattspor íslenskrar ferðapjónustu var um 140 milljarðar króna árið 2022

var um 140 milljarðar króna árið 2022.⁴ Sama hvernig á það er litið eru skatttekjur hins opinbera af ferðapjónustu því verulegar á ári hverju og íslenska skattkerfið, og þar af leiðandi velferðarkerfið, hefur aðlagð sig að framlagi ferðapjónustu, enda munar um minna í fjármálum hins opinbera.

Tækifæri ferðapjónustu til aukinnar verðmætasköpunar og framleiðni eru mikil en til að grípa þau verður svigrúm að vera til staðar innan atvinnugreinarinnar svo að hægt sé að byggja upp og fjárfesta til framfara. Það svigrúm er nú þegar verulega takmarkað hjá ferðapjónustufyrirtækjum vegna fjárhagsstöðu atvinnugreinarinnar, arðsemi og afkomu, og þeirra áhrifa sem heimsfaraldur hafði og hefur enn í för með sér. Þá staðreynd má jafnframt sjá á gögnum Hagstofu Íslands um framleiðni gisti- og veitingastaða. Þá er mikil óvissa með niðurstöður kjarasamninga og þá gætu háar launahækkningar í kjölfar kjarasamninga haft neikvæð áhrif á greinina.

Augljóst er að viðgangur í ferðapjónustu ræðst mjög af þeim ákvörðunum sem ferðapjónustufyrirtæki og hið opinbera taka hvort á sínu sviði. Því skiptir máli fyrir þjóðarbúið að þessar ákvarðanir verði sem hagkvæmastar og styðji við vaxandi framlag atvinnugreinarinnar til aukinnar velferðar hér á landi, til lengri tíma. Vernda verður það litla svigrúm sem ferðapjónustufyrirtæki hafa þó til aukinna fjárfestinga og tryggja að það aukist til framtíðar, það verður að jafnaði ekki gert með auknum álögum.

Þá benda Samtökin á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega vikið að mikilvægi þess að atvinnugreinin „fái tækifæri til uppbyggingar eftir áföll heimsfaraldursins“, en áhrifa faraldursins gætir enn með ýmsum hætti hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu. Auknar álögur af atvinnugreininni nú falla illa að markmiðasetningu sáttmálans og yrðu almennt ekki til þess fallnar að greiða leið fyrirtækja við verðmætasköpun.

Sérkennilegt upplegg gistináttaskatts

Gistináttaskattur var felldur niður tímabundið vegna komu heimsfaraldurs með ákvæði til bráðabirgða í lögum um gistináttaskatt. Að óbreyttu gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir hann að taki aftur gildi um áramót og leggjst þá einnig á skemmtiferðaskip. Í frumvarpinu kemur að auki fram að nú standi yfir vinna með hagaðilum þar sem skoðaðar verða ólíkar leiðir um breytt gjalda- og skattaumhverfi fyrir greinina. Aftur á móti hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið birt áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld á samráðsgátt stjórnvalda, þar má meðal annars finna áform um breytingar á lögum nr. 87/2011 um gistináttaskatt.

Gistináttaskattur er sértækur skattur sem lagður er á sölu gistingar og var tekinn upp á Íslandi árið 2012. Hér á landi er gistináttaskattur ólíkur því sem þekktist hjá flestum öðrum þjóðríkjum þar sem hann er innheimtur á hverja gistináttaeiningu en ekki á hvern ferðamann, líkt og almennt gengur og gerist annars staðar. Þegar gistináttaskattur er lagður á hverja selda gistináttaeiningu gerist það að sama gjald er greitt fyrir bæði

⁴ Ath. Skal að VSK stendur fyrir um 60 milljörðum króna af skattspori ferðapjónustu. Hér eru hins vegar enn ótaldar ýmsar tekjur opinberra aðila af ferðamönnum og ferðapjónustufyrirtækjum, t.d. þjónustugjöld (t.d. þjóðgarða og hafna) og ýmis gjöld sem leggjast á notkun samgöngutækja. Endanleg niðurstaða Reykjavík Economics og Intellecon varðandi skattspor íslenskrar ferðapjónustu árið 2022 ásamt nánari útlistun forsenda og gagna mun liggja fyrir við næstu mánaðarmót.

hótelsvítur og eins manns herbergi. Jafnframt ef hótél leigja út íbúðir teljast þær hver og ein sem ein gistináttæining.⁵

Annað séreinkenni gistináttaskatts hér á landi er að það þarf að tilgreina gistináttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann því þannig stofn til virðisaukaskatts (VSK). Þannig eru fyrirtæki í ferðaþjónustu, hinir ýmsu gististaðir, að greiða VSK af gistináttaskattinum þar sem hann myndar skattstofn. Aukin undirliggjandi verðmætasköpun með viðskiptum innan lands er því augljóslega ekki að baki þess VSK sem greiddur er af gistináttaskattinum.

Þá eru skilgreindar undanþágur frá gistináttaskatti vel þekktar víða um heim. Til dæmis veita flest ríki Evrópu afslátt af gistináttaskatti fyrir börn eða ungmenni. Hérlandis eru slíkar aldursbundnar undanþágur ekki til staðar. Aftur á móti eru óskilgreindar undanþágur á Íslandi með þeim hætti að skatturinn nær ekki til allra söluaðila gistináttæininga, þar sem ekki skal leggja gistináttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber VSK. Það þýðir að söluaðilar gistináttæininga til skammtímaleigu, líkt og til dæmis leigusalar Airbnb eða annarrar heimagistingar, greiða ekki gistináttaskatt. Skemmtiferðaskip hafa jafnframt verið undanþegin gistináttaskatti.

Þegar litið er til Norðurlandanna, þeirra ríkja sem Ísland kys einna helst að bera sig saman við, er ekki rúkkadur gistináttaskattur annars staðar en hérlendis. Þeir gististaðir hér á landi sem gistináttaskatturinn nær til sitja þar af leiðandi ekki einungis uppi með verri samkeppnisstöðu innanlands heldur einnig miðað við samanburðahæfa áfangastaði á Norðurlöndunum. Í því samhengi er vert að nefna að VSK á gistingu á Íslandi er sambærilegur því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum, að jafnaði. Hér á landi ber gisting 11% VSK og er í lægra skattþrepi eins og á öllum Norðurlöndunum nema í Danmörku. Samkvæmt úttekt OECD Consumption Tax Trends 2022 eru Noregur og Svíþjóð með 12% VSK á seldri gistingu og Finnland með 10% VSK, en í Danmörku er seld gistiaðstaða aftur á móti í eina og efsta skattþrepinu.⁶ Ljóst er því að gisting er í neðra skattþrepi, að miklu leyti, til þess eins að viðhalda samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands miðað við önnur Norðurlönd.

Afnám gistináttaskatts er skref í rétta átt

Augljósir vankantar eru á fyrirkomulagi gistináttaskatts hérlendis og erfitt er að sjá hvernig tilvist hans nær tilsettum markmiðum. Skatturinn hefur í fyrsta lagi ekki áhrif á hvernig ferðamenn sem komnir eru til landsins á hverjum tíma ferðast um náttúruauðlindir lands og þjóðar. Vegna þessa verndar hann ekki fjölsóttu ferðamannastaði, friðlýst svæði né þjóðgarða fyrir ágangi ferðamanna og þeim ytri áhrifum sem þeir hafa í för með sér. Í öðru lagi var eyrnamerkingu skatta eða mörkun skatttekna hins opinbera hætt með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 sem tóku í gildi árið 2016. Þar af leiðandi er heldur ekki tryggt að skatttekjur hins opinbera af gistináttaskatti renni beint til uppbyggingar eða viðhalds á ferðamannastöðum, friðlýstum svæðum eða þjóðgörðum, eins og upphafleg markmið lagasetningarinnar stóðu til.

Aftur á móti er ljóst að skatturinn eykur óhagræði og ójafnræði á milli gististaða og letur frekari uppbyggingu þeirra tegunda gististaða sem hann nær til. Það er því erfitt að átta sig á hvert raunverulegt markmið hins opinbera er með þessum sértæka skatti, enda ekki víst að hann auki tekjur ríkissjóðs þegar uppi er staðið. Hins vegar er ljóst að hann brenglar samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu sem SAF telja mikilvægt að sé jöfnuð.

SAF leggja því til að gistináttaskattur verði afnuminn að fullu, líkt og í fyrri umsögnum.

⁵ Sjá frekari umfjöllun <https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/skattar-og-gjold/gistinattaskattur/>

⁶ Sjá <https://www.oecd-ilibrary.org/deliver/6525a942-en.pdf?itemId=/content/publication/6525a942-en&mimeType=pdf>.

Fyrirvari á hækkun skatta og gjalda nauðsynlegur

Það hefur legið skýrt fyrir að gistináttaskattur kæmi til framkvæmda á ný um næstkomandi áramót frá því hann var tekin af með bráðabirgðaákvæði í lögum um gistináttaksatt. Aftur á móti hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu nú eingöngu fengið rúmlega þriggja mánaða fyrirvara um að áformaðar séu breytingar á honum, auk þess sem þær eru ekki enn að fullu mótaðar. Slíkur fyrirvari skýtur skökku við og varhugavert að áætlaðar breytingar á gistináttaskattinum komi ekki fyrr fram. Óljóst er hvernig skatturinn mun leggjast á ferðamenn sem dvelja um borð í skemmtiferðaskipum og enn virðist fyrirhugað heimagisting verði undanþegin skattinum.

Þá er það svo að gististaðir á landsbyggðinni bjóða oft en ekki uppá íburðarminni herbergi og gefa gestum í meira mæli kost á því að fleiri ferðamenn, umfram hið hefðbundna meðaltal tveggja gesta á herbergi, geti gisti í einu gistirými. Vegna þessa munu breytingar gistináttaskattsins því veða hlutfallslega þyngra gagnvart rekstri slíkra gististaða og auka á ójafnræði þeirra gagnvart þeim gististöðum sem ekki bera skattinn. Þar að auki mun samkeppnishæfni gististaða hér á landi sem og áfangastaðarins Íslands gagnvart Norðurlöndunum versna enn frekar við áætlaðar breytingar.

Gistináttaskattur kemur inni endanlegt verð þegar auglýst er verð fyrir gistingu hér á landi enda þarf ætíð að gefa upp endanlegt verð skv. íslenskum lögum. Það gerir það að verkum að innheimta gistináttaskatts er einnig annars eðlis á Íslandi en erlendis, eins og til dæmis svokallaður „City Tax“ sem lagður er á á sveitastjórnarstigi. Þegar gistináttaskattur er hækkaður hérlendis með stuttum fyrirvara er ekki hægt að velja hækkuninni út í verðið á þegar seldum gistinóttum, þannig að ferðamenn greiði við brottför eins og víða þekktist í Evrópu. Þess í stað sitja ferðaþjónustufyrirtæki uppi með að greiða fyrir hækkunina innan úr rekstri.

Verði áætlaðar breytingar á gistináttaskatti að veruleika verður fyrirvarinn á samþykktum þeirra til gildistöku einungis nokkrar vikur. Þessar breytingar, ef miðað er við áætluð tekjuáhrif ríkissjóðs aukinnar gjaldtöku í ferðaþjónustu með hækkun gistináttaskatts, geta falið í sér til dæmis um 400% hækkun skattsins fyrir tveggja gesta herbergi. SAF telja það óásættanlegt með öllu verði slík hækkun að veruleika.

Ákvörðun um ferðalag er oft en ekki tekin með löngum fyrirvara og er því fjárfesting sem myndar skuldbindingu um tiltekið fast verð fram í tímann. Samkvæmt viðhorfskönnun SAF telja rúmlega 80% félagsmanna SAF að 12 til 18 mánuðir séu nauðsynlegur fyrirvari fyrir fyrirtækið sitt til að bregðast við auknum sköttum og gjöldum hins opinbera eða hækkun þeirra. Ljóst er að verði breytingar á gistináttaskatti með svo stuttum fyrirvara verður markmiðum stjórnvalda um að ferðamaðurinn greiði skattinn ekki náð. Fyrirtækin munu því koma til með að sitja uppi með breytingar skattsins og greiða fyrir þær innan úr rekstri sínum, enda hefur sala gistingar nú þegar farið fram að stórum hluta fyrir árið 2024. SAF hafa ítrekað bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að gera breytingar á opinberum álögum á fyrirtæki í ferðaþjónustu með að minnsta kosti 12 til 18 mánaða fyrirvara. Aðeins með þeim hætti verður markmiðum um að það sé ferðamaðurinn sjálfur sem greiði viðkomandi gjöld eða skatta náð.

SAF telja að betur væri heima setið en af stað farið með áætlaðar breytingar á gistináttaskatti og hann fremur afnuminn, líkt og áður hefur komið fram.

Skortur á heildstæðari aðgerðum varðandi áfengisgjald

Í samráðsgátt stjórnvalda hefur verið birt frumvarp sem leggur til að litlir, sjálfstæðir framleiðendur áfengis greiði lægra áfengisgjald af ákveðnu magni áfengis. SAF fagna því þar sem áfengisgjöld hér á landi eru há í

Áfengisgjöld eru með þeim hæstu á Íslandi í alþjóðlegum samanburði.

alþjóðlegum samanburði, svo mjög að ærið tilefni er til að leggjast í heildstæða endurskoðun á þeirri gjaldtöku.

Að lækka áfengisgjöld á litla og sjálfstæða framleiðendur telja SAF vera til bóta og í átt að slíkri endurskoðun. Hins vegar verður ávallt að gæta að samkeppnisstöðu rekstraraðila á markaði sem og tryggja að álögur sem þessar skapi ekki hvata til óhagræðis þannig að ábati rekstraraðila af lægra áfengisgjaldi tapist.

SAF hvetja stjórnvöld því til að hefja heildstæða endurskoðun á áfengisgjaldi hér á landi. Þangað til og á meðan hún fer fram telja SAF að engar breytingar skuli gerðar á gjaldinu til hækkunar. Þar með af fyrirhuguðum krónutöluhækkunum.

Orkuskipti bílaflotans á leið í vaskinn

Til að ná settum markmiðum um orkuskipti hafa stjórnvöld veitt ýmsa styrki, mestmegnis í formi skattaívilnana. Fyrirhuguð álagning VSK á útleigu og endursölu vistvænna bílaleigubíla, svokallaðra hreinorkubíla, skýtur því skökku við og verða að öllum líkindum til þess að hægja á orkuskiptum bílaflotans. Í september síðastliðnum voru 30.410 bílaleigubílar á skrá hjá Samgöngustofu og þar af voru 2.340 hreinir rafbílar eða 7,7% skráðra bílaleigubíla.⁷ Hlutfall vistvænna bíla í bílaleiguflofanum hefur aukist ár frá ári með samstarfi og stuðningi stjórnvalda sem nú er ráðgert að endurheimta. Bílaleigur eru einn stærsti kaupandi nýrra bíla hér á landi og vigta mjög þungt þegar kemur að orkuskiptum bílaflotans.

Það er samfélagslega hagkvæmt að fólk kjósi almennt vistvænar bifreiðar umfram bensín- eða díselbíla en staðan er enn sú að verð þeirra endurspeglar ekki það samfélagslega virði að fullu. SAF hafa þungar áhyggjur og vilja koma á framfæri ábendingum vegna fyrirhugaðrar VSK álagningar við endursölu og útleigu vistvænna bílaleigubíla - svokallaðra hreinorkubíla. Samtökin hafa á sl. árum bent á að niðurfelling VSK af umræddum bílum kemur skattskildum aðilum eins og ökutækjaleigum ekki til góða. Álagning VSK á endursölu bíla skaðar þannig verulega samkeppnisstöðu ökutækjaleiga á eftirmarkaði.

SAF eru því móttfallin boðuðum áformum um niðurfellingu skattastyrkja virðisaukaskatts til bæði útleigu og endursölu vistvænna bílaleigubíla. Til þess að almenningur búi ekki við skertan aðgang að hreinorkubílum er mikilvægt að hið opinbera stuðli að kaupum ökutækjaleiga á hreinorkubílum, þar til að verð þeirra endurspeglar loks rétt samfélagslegt virði.

Endurkrafa hins opinbera á VSK ívilnun bíla sem ökutækjaleigur hafa fjárfest í hefur grafalvarlegar afleiðingar fyrir orkuskipti á Íslandi. Líklegt er að ökutækjaleigur leiti allra leiða til að nýta ökutæki inni í rekstrinum eða losi ökutæki inn á hagkvæmari markaði. Boðaðar breytingar munu því draga verulega úr orkuskiptum hjá ökutækjaleigum og þar með auka líkur á að orkuskipti almennt fari í vaskinn.

Þá hefur útleiga á hreinorkubílum verið undanþegin frá álagningu VSK. Frá og með næstu áramótum mun ökutækjaleigum vera skylt að leggja virðisaukaskatt á útleigu hreinorkubíla. Það mun draga verulega úr lítilli eftirspurn eftir útleigu á hreinorku bílum. Reikna má með að hreinorkubílar verði ekki lengur raunhæfur kostur fyrir leigutaka bílaleigubíla vegna 24% VSK hækkunar á leiguverði. Það mun þ.a.l. einnig draga úr orkuskiptum hjá ökutækjaleigum.

Til að ná fram settum markmiðum í orkuskiptum og tryggja gott samstarf við ökutækjaleigur leggja samtökin til eftirfarandi:

- Framlengja þarf 3. gr. bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum um virðisaukaskatt.
- Framlengja þarf til nokkurra ára bráðabirgðaákvæði XXXIX í lögum um virðisaukaskatt.

⁷ Skv. Samgöngustofu

Uppbygging Innviða mikilvæg

Samtökin vilja benda stjórnvöllum á nauðsyn þess að byggja upp og viðhalda lykil innviðum í landinu á sviði samgöngumála. Í skýrslu Samtaka iðnaðarins og félags ráðgjafaraverkfræðinga frá árinu 2021 um ástand og framtíðarhorfur innviði á Íslandi þá er bent á mikla fjárfestingarþörf í innviðakerfinu hér á landi. Sérstakleg ef litið er til ástand hafna, flugvalla, vega og brúa hér á landi. Vegasamgöngur hér á landi eru þeir innviðir sem ferðamenn nýta hvað helst. Viðhald og þjónusta þeirra leiðir til aukins öryggis og dregur úr slysum. Fjárfesting í auknum innviðum þarf að miða af þörfum atvinnulífsins og inni þeirri fjárfestingu þarf að bæta merkingar og þjónustu við þá um vetur. Þessi augljósa þjónustu þarf að laga svo ferðamenn og landsmenn komist á milli auglýstra lykil segla (Stuðlagil og Dettifoss) um allt svo Ísland geti í auknu mæli orðið heilsárs atvinnugrein útum allt land.

Þörf á auknum rannsóknum og gagnaöflun í ferðaþjónustu

SAF telja umfang rannsókna og gagnaöflunar af hálfu hins opinbera í ferðaþjónustu vera af verulega skornum skammti og að leggja þurfi mun meira til miðað við framlag greinarinnar til ríkis og sveitarfélaga. Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 20/2020. Sú nefnd vinnur að mótun rannsóknaráætlunar fyrir Ferðamálastofu og hefur tekið saman minnisblað varðandi fjárveitingar til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðamála til stýrihóps um aðgerðaráætlun fyrir ferðaþjónustu til 2030. Þar kemur meðal annars fram að „miklu minna fé bæði mælt í krónutölu og miðað við framlag til vergrar landsframleiðslu er varið til gagnaöflunar og rannsóknar í ferðaþjónustu en í öðrum grunnatvinnuvegum landsmanna, þ.m.t sjávarútvegi, orkuframleiðslu og landbúnaði. Afleiðingin er óhjákvæmilega veikari þekkingargrundvöllur og þar með næstum örugglega lakari ákvörðunartaka bæði um skipulag og umgjörð ferðaþjónustunnar og einstakar framkvæmdir innan hennar en æskilegt er“. Þá leggur nefndin til hugmyndir að úrbótum í fyrrnefndu minnisblaði og telur afar mikilvægt að stórauka þurfi fjárframlög til gagnaöflunar og rannsókna á sviði ferðaþjónustu. SAF taka heilshugar undir niðurstöðu nefndarinnar.

Ferðaþjónusta er almennt í lægra skattþrepi virðisaukaskatts

Virðisaukaskattur af ferðaþjónustu er í lægra skattþrepi í 25 þjóðríkjum Evrópusambandsins, eins og á Íslandi. Í Evrópu er VSK prósentu af ferðaþjónustu á bilinu 0% til 17% að meðaltali, eftir því hvaða þjónusta er litið til og algengast að það sé á bilinu 11% til 15%. Sú staðreynd að ferðaþjónusta á Íslandi beri 11% virðisaukaskatt er lykilatriði til að treysta og tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni einnar stærstu útflutningsatvinnugreinar þjóðarinnar. Ásamt því að vera í takt við ferðamálastefnu og skilgreindar áherslur hins opinbera til 2030.


Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu er í lægra þrepi á nær öllum Norðurlöndunum og í 25 þjóðríkjum Evrópusambandsins

Umræða um hvort færa ætti VSK á ferðaþjónustu í efra skattþrep hefur komið upp í ýmsum Evrópuríkjum á síðustu árum. Í Danmörku, eina ríkinu sem hefur fært VSK á ferðaþjónustu í efra þrep, urðu áhrif þess neikvæð á atvinnugreinina þannig að taka varð upp sérstaka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna ráðstefnu- og hvataferða sem er enn við lýði. Í öðrum Evrópuríkjum hafa áform um slíka tilfærslu í efra þrep fallið niður vegna væntra neikvæðra áhrifa á samkeppnishæfni ferðaþjónustu í viðkomandi ríkjum. Í Eistlandi féllu stjórnvöld t.d. frá áformum um færslu gistingar í efsta VSK þrep fyrr á þessu ári þar sem rannsóknir sýndu fram á að slíkar breytingar myndu hafa neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs vegna skertrar samkeppnishæfni eistneskrar ferðaþjónustu⁸. Reynsla ýmissa Evrópuríkja, t.d. Þýskalands og Lettlands, af breytingum á VSK

⁸ Sjá [https://centar.ee/pdf/ee/2023_Majutusteenuste_kaubemaksumaara_muudatuse_mojuanalys_\(CentAR\)\(v1.1\).pdf](https://centar.ee/pdf/ee/2023_Majutusteenuste_kaubemaksumaara_muudatuse_mojuanalys_(CentAR)(v1.1).pdf)

Þrepi undanfarin 15 ár sýnir að áhrif hækkunar hafa neikvæð áhrif og áhrif lækkunar jákvæð áhrif á sköpun starfa og skatttekjur hins opinbera af VSK. Þá verður að taka það fram, sem gleymist oft í umræðunni, að VSK er breytilegur eftir atvinnugreinum. Til dæmis er enginn VSK á annan útflutning en ferðaþjónustu og 11% VSK á flest matvæli. Ferðaþjónusta skilar verulegum skatttekjum til ríkis og sveitarfélaga og verður samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands alltaf að vera höfð að leiðarljósi.

Virðingarfyllt



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar